

65

25. maí

5. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. júní 1950 og þangað til byggingarskuld sú, er á þjóðleikhúsinu hvílir nú, er að fullu greidd. Um sama tíma skal frestað framkvæmd laga nr. 85/1947. Frá 1. júní 1950 eru úr gildi numin lög nr. 53/1949.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.*

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

66

31. maí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um framkvæmd á viðskiptasamningi við Pólland.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð oss, að brýna nauðsyn beri til að gefa út lög um framkvæmd viðskiptasamninga við Pólland, sem undirritaðir voru 14. júní 1948 og 7. apríl 1949.

Bráðabirgðalög um þetta efni, sem sett voru 28. október 1949, hlutu ekki fullnaðarafgreiðslu á nýloknu Alþingi. Sökum þess að útflutningi til Póllands samkvæmt samningum þessum var lokið áður en gengi íslenzkrar krónu var lækkað í marzmánuði s. l., en innflutningi ólokið enn þá, er enn óráðstafað talsverðum fjárhæðum, sem verja ber til vörukaupa í Póllandi. Til þess að raska ekki grundvelli viðskiptanna við Pólland og halda sölugengi dollars í viðskiptum við það land samkvæmt fyrrgreindum samningum óbreyttum, telur ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta skal greiða til að lækka verð á dollurum til kaupa á vörum og til greiðslu á þjónustu samkvæmt viðskiptasamningi milli Íslands og Póllands, undirrituðum 14. júní 1948, og viðbótarsamningi undirrituðum 7. apríl 1949, kr. 979.98 á hverja 100 dollara frá skráðu sölugengi Bandaríkja-gjaldeyris, sem nú er kr. 1632.00 miðað við 100 dollara. Jafnframt skal gengishagn-  
aður á inneign Landsbanka Íslands, sem myndaðist við gengislækkunina í marz 1950, vegna fyrrnefndra samninga, renna í verðjöfnunarsjóð Póllandsviðskipta.

Komi í ljós, að endurgreiða þurfi að einhverju leyti andvirði vara sem fluttar hafa verið út til Póllands samkvæmt fyrrnefndum samningum, svo sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum, skal verja fé úr verðjöfnunarsjóði Póllandsviðskipta til að lækka sölugengi þeirra dollara, sem til endurgreiðslu þarf, um kr. 979.98 á hverja 100 dollara, frá skráðu sölugengi Bandaríkjadollarans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. maí 1950.*

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*